

Miðvikudaginn 14. apríl 1937.

Nr. 143/1936. **Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson.**

(Pétur Magnússon)

gegn

Helga Guðmundssyni

(Lárus Fjeldsted).

Ritstjórar dagblaðs sýknaðir af kröfu um að birta í blaði sínu athugasemdir við grein, er birtzt hafði í blaðinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. ágúst 1936: Stefnir, Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson, eru skyldir til að viðlögðum 100 kr. dagsektum, er þeir greiði in solidum og renni í rikissjóð, að birta framanskráða leiðréttingu stefnanda, Helga Guðmundssonar, í fyrsta eða öðru tölu- blaði Morgunblaðsins, er út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndir greiði stefnanda kr. 70.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa krafizt þess hér fyrir dómi, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnda í máli þessu og stefndi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, var stefndi einn þeirra fimm manna, sem af Íslands hálfu fóru til Spánar árið 1934 til þess að undirbúa viðskiptasamning við Spánverja. Eru aðiljar sammála um það hér fyrir rétti, að allir sammingsmennirnir hafi sameiginlega og ágreiningslaust gert tillögu til

rikisstjórnarinnar um, að samningurinn yrði samþykktur. Í blaði áfrýjenda var skýrt þannig frá þátttöku stefnda í nefndri samningsgerð, að fyrst hafi þrjú nafngreindir samnefndarmenn hans hafið samningsgerð af hálfu Íslands, en „nokkru síðar og áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar“ hafi hinir tveir nefndarmennirnir, þ. e. stefndi og annar nafngreindur maður, bætzt í hópinn.

Útaf þessum ummælum vill stefndi fá áfrýjendur skyldaða til þess að birta í blaði sínu „leiðréttingu“ þá, sem um ræðir í máli þessu og orðrétt er tilfærð í hinum áfrýjaða dómi. Eins og af henni má sjá, telur stefndi ummælin ekki vera rétt, sökum þess að grundvöllurinn að samningnum hafi verið lagður af nefndarmönnunum þremur, áður en stefndi kom til Spánar. Hér virðist stefndi blanda því saman, að lagður hafi verið grundvöllur að samningi og að teknar hafi verið ákvarðanir af samningsaðiljum um efni samningsins í einu atriði eða fleirum, en það tvennt þarf ekki að fara saman. Þau ummæli í blaði áfrýjenda, að engar ákvarðanir hafi enn verið teknar, er stefndi kom til Spánar, gætu því vel staðizt, þótt sú fullyrðing stefnda væri rétt, að grundvöllur að samningi hafi þá þegar verið lagður af nefndarmönnunum þremur. Þar eð frásögn stefnda um þátttöku hans í undirbúningi samningsins er þannig ekki ósamrýmanleg nefndum ummælum í blaði áfrýjenda, sem stefndi vill fá leiðrétt, og ummælin gætu staðið óhrakin, þótt skýrsla stefnda væri birt, þá leiðir af því, að hér er ekki um þess háttar leiðréttingu að ræða af hálfu stefnda, sem við er átt í 11. gr. tilskipunar um prentfrelsi frá 9. maí 1855. Skortir því heimild til þess að skylda áfrýjendur til að birta „leiðréttingu“

stefnda í blaði sínu og ber að sýkna þá af kröfu hans í máli þessu. Eftir málavöxtum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Helga Guðmundssonar, í þessu máli.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. nóv. 1935, af Helga Guðmundssyni, bankastjóra, hér í bæ, gegn ritstjórum Morgunblaðsins, Jóni Kjartanssyni og Valtý Stefánsyni, báðum hér í bænum, til þess að fá þá in solidum dæmda til að birta neðangreinda leiðréttingu orðréttá í Morgunblaðinu tafarlaust eftir uppkvaðningu dóms þessa að viðlögðum 100 kr. dagsektum einnig in solidum fyrir hvern dag, er liður eftir dómsuppsögn án þess að leiðréttingin sé birt í Morgunblaðinu. Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar eftir mati réttarins.

Leiðrétting stefnanda er svohljóðandi:

Í grein Ólafs Thors, er birtist í Morgunblaðinu 27. þ. m. undir fyrirsögninni „Mikilvægasta bjargráðið“, stóð þessi klausa:

. . . „Jónas Jónsson veit, að samningana við Spán hófu af hálfu Íslands þeir Sveinn Björnsson, sendiherra, Helgi Briem, fiskifulltrúi, og Richard Thors, en nokkru síðar, og áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar, bættust þeir í hópinn Magnús Sigurðsson, bankastjóri, og Helgi Guðmundsson . . .

Hér er sagt, að ég hafi verið kominn til Spánar áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar. Þetta er ekki rétt, því *grundvöllurinn* að samningi þeim, er gerður var og síðan samþykktur af alþingi, *var* með samþykki þáverandi for-

sætisráðherra (Á. Á.) *lagður* af nefndarmönnunum, er fyrir voru, *áður en* ég kom til Spánar.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1934 gerðu Íslendingar viðskiptasamning við Spánverja. Samningameinn af hálfu Íslands voru þeir Sveinn Björnsson, sendiherra, Helgi Briem, fiskifulltrúi, og Richard Thors, framkvæmdarstjóri, en síðar bættust í hópinn, bankastjórnarnir Magnús Sigurðsson og Helgi Guðmundsson (stefnandi). Virðast islenzku samningamennirnir allir hafa gert þá sam-eiginlegu tillögu til ríkisstjórnarinnar um, að samningarnir yrðu endanlega samþykktir, sem og varð. Samningarnir hafa aldrei verið birtir, og er ekkert upplýst um efni þeirra í máli þessu. Hinsvegar hafa orðið mjög mikil átök um samningana milli islenzkra stjórnámálanna. Hafa sumir talið þá mjög hagstæða, en aðrir hafa talið, að í þeim væru ákvæði, sem væru stórskaðleg og hættuleg fyrir Ísland. Einn þeirra stjórnámálanna, er telur samningana hættulega landi voru, er Jónas Jónsson, alþm. Skrifaði hann blaðagrein um þá, er virðist hafa verið til þess, að Ólafur Thors, alþm., skrifaði grein í Morgunblaðið, er út kom 27. okt. 1935, með yfirskriftinni: „Mikilvægasta bjargráðið“. Segir í einum stað í grein Ólafs: „Jónas Jónsson veit, að samningana við Spán hófu af hálfu Íslands þeir Sveinn Björnsson, sendiherra, Helgi Briem, fiskifulltrúi, og Richard Thors, en nokkru síðar, og áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar, bættust þeir í hópinn Magnús Sigurðsson, bankastjóri, og Helgi Guðmundsson“.

Stefnandi telur þessa frásögn Ólafs mjög villandi um afstöðu sína til samninganna, og þar eð stefndu hafi neitað honum um birtingu leiðréttingar á ummælum Ólafs, höfðaði hann mál þetta og gerir í því áðurgreindar kröfur. Byggir hann þær á því, að með þessum ummælum Ólafs sé gefið í skyn, að hann (stefnandi) hafi verið fyllilega samþykkur efni samninganna, en það telur hann rangt, þar eð hann hafi verið mótfallinn því ákvæði samninganna, sem aðallega sé deilt um, en hinsvegar hafi samningunum verið svo komið, þegar hann kom til Spánar, að ekki hafi verið unnt að fella það burt. Ummæli Ólafs, „áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar . . .“ séu því röng, því að áður

en stefnandi kom til Spánar hafi einmitt verið búið að leggja ákveðinn grundvöll að samningunum með samþykki þáverandi forsætisráðherra Íslands og þeim grundvelli hafi ekki verið unnt að hrófla eftir að stefnandi bættist í hópinn. Hinsvegar kveðst stefnandi, eins og komið var, ekki hafa átt annars úrkosta en að sætta sig við orðinn hlut, þar eð ákvarðanir hafi þegar verið teknar, er hann kom til Spánar, og raunverulega hafi ekki annað verið eftir en að undirrita samningana.

Stefndir byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að eftir 11. gr. ts. frá 9. maí 1855 um prentfrelsi eigi menn aðeins heimtingu á þar umræddri leiðréttingu, að ummælin, sem leiðréttingar sé æskt á, séu þess eðlis, að ábyrgð geti varðað fyrir þann, sem ábyrgðina ber hverju sinni. Leiðréttingarrétturinn komi því aðeins til greina, að menn þurfi að verja æru sína eða sómatilfinningu. Stefnandi sé á engan hátt ærumeiddur né sóma hans misboðið í grein Ólafs, og því eigi hann ekki rétt á að fá framangreinda leiðréttingu birta í blaði stefndra.

Rétturinn getur ekki fallizt á þennan skilning stefndra á ákv. 11. gr. ts. frá 9. maí 1855. Ts. segir berum orðum, að sérhver, sem þykist áreittur eða æski að leiðrétta það, sem um hann er sagt, eigi leiðréttingarréttinn, og telur rétturinn, að ekki megi skýra greinina þrengra en það, að hún verði talin veita öðrum leiðréttingarrétt, a. m. k. þegar telja verður, að leiðréttingin geti haft mikilsvarðandi þýðingu fyrir þá.

Þar eð nú telja verður með hliðsjón af þeim deilum, er orðið hafa um samningana og með tilliti til þess, að stefnandi er bundinn þagnarheiti um efni þeirra, að hann eigi fulla kröfu á því, að sem nákvæmast sé skýrt frá afskiptum hans af samningagerðinni, þegar um þau er rætt, og að slíkt geti haft mikla þýðingu fyrir hann, þá verður sýknukrafa stefndra af hérgreindri ástæðu ekki tekin til greina.

Í öðru lagi byggja stefndir sýknukröfuna á því, að hér sé ekki um raunverulega leiðréttingu að ræða. Efnismunur sé enginn á orðalagi Ólafs, þar sem hann segi . . . samningana við Spán hófu af hálfu Íslendinga . . . en nokkru síðar, og áður en nokkrar ákvarðanir voru teknar, bættust þeir í hópinn . . . og Helgi Guðmundsson“

og orðalagi stefnanda, er segi að grundvöllur hafi verið lagður að samningunum áður en hann kom til Spánar. Hér sé því aðeins um breytingu á orðalagi að ræða og einnig af þeirri ástæðu eigi stefnandi ekki kröfu á að fá leiðréttingu sína birta.

Í rekstri málsins verða stefndir taldir hafa viðurkennt, að grundvöllur samninganna hafi verið lagður áður en stefnandi kom til Spánar, og þar eð telja verður, að í því orðalagi, að leggja grundvöll að samningum, felist, að meira hafi verið gert en aðeins að hefja samningana eins og í grein Ólafs segir, að einungis hafi verið gert áður en stefnandi kom til Spánar, þá telur rétturinn leiðréttingu stefnanda fela í sér efnislega breytingu og verður sýknu-krafa stefndra af þessari málsástæðu þeirra því ekki tekin til greina.

Loks getur rétturinn ekki fallizt á það með stefndum, að stefnandi hafi með því að ganga að samningunum firtt sig rétti til að fá leiðréttinguna birta, þar eð telja verður, að jafnvel þótt hann teldi eitthvað ákvæði þeirra ábyggilegt (sic) og jafnvel hættulegt, að þá hafi hann getað talið ennþá hættulegra fyrir þjóð vora, að samningarnir yrðu ekki samþykktir eins langt og málunum var komið.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndir verða með dómi þessum in solidum skyldaðir til að birta framanskráða leiðréttingu stefnanda að viðlögðum dagsektum, er renni í ríkissjóð. Dagsektir verða að áliti réttarins ekki taldar refsing og vegna þess að stefndir hafa ekki sértaklega mótmælt upphæð þeirra né því, að verða dæmdir til að greiða þær in solidum, þá ber að taka kröfu stefnanda um þær til greina að fullu.

Málskostnað ber stefndum að greiða stefnanda, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 70.00.

